

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Skipun verkefnishóps vegna leikskólans í Helgafellshverfi.

Dags: 13.7.2023

Málsnúmer: 202101461

Sendandi: Óskar G. Sveinsson og Illugi Þór Gunnarsson

Tillaga:

Lagt er til að bærarstjóra Mosfellsbæjar verði falið að skipa verkefnahóp sem hafi það að markmiði að ná fram hagkvæmari lausnum í byggingu leikskólans í Helgafellshverfi án þess að gengið verði á gæði mannvirkisins. Verkefnahópurinn verði samsettur af fulltrúum Mosfellsbæjar, verktaka og ráðgjafa Mosfellsbæjar sem sinna byggingarstjórnun mannvirkisins. Verkefnahópnum verði jafnframt falið að leggja framvindu- og rekstrarskýrslu fyrir bæjarráð á þriggja mánaðafresti allt verktímabilið.

Greinargerð:

Á 1585. fundi bæjarráðs þann 22. júní 2023 samþykkti bæjarráð að ganga til samninga við Alefli ehf. sem var lögstjóðandi í byggingu leikskóla í Helgafellshverfis. Eftirfarandi tilkynning var gefin út á alla bjóðendur í leikskólann í Helgafellshverfi í kjölfar afgreiðslu bæjarráðs:

Þann 19. maí s.l. voru opnuð tilboð í útboðinu Nýr leikskóli í Helgafellshverfi – Uppsteypa og fullnaðarfrágangur. Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur á fundi 1585 heimilað umhverfissviði bæjarins að ganga til samninga við lögstjóðanda, Alefli ehf., á grundvelli tilboðs hans. Það tilkynnist því hér með að Mosfellsbær hefur ákveðið að taka tilboði Aleflis ehf. í ofangreindu útboði. Vakin er athygli á því að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um framangreinda ákvörðun.

Líkt og fram kom í tillögu um töku tilboðs dags. 14. júní sl. var gert ráð fyrir að stofnaður verði samráðshópur samsettur af fulltrúum Mosfellsbæjar, verktaka og ráðgjafa Mosfellsbæjar sem sinna byggingarstjórnun mannvirkisins. Með vísan til þess er ráðgert að samhliða undirritun verksamnings verði verkefnishópurinn stofnaður. Markmið samráðshópsins er að leita hagkvæmari lausna við smíði leikskólans og rýnivinnunni og afurð hópsins verður endurskoðuð tilboðsskrá með hagkvæmari lausnum í samræmi við ákvæði gr. 3.6.3 í ÍST 30:2012 sem borin verður undir bæjarráð Mosfellsbæjar til samþykktar. Þá er gert ráð fyrir að verkefnahópurinn leggi framvindu- og rekstrarskýrslu fyrir bæjarráð á þriggja mánaðafresti allt verktímabilið.

Í verkefnishópnum sitji eftirtaldir aðilar:

Verkefnishópur	Aðalmaður	Varmaður	Lýsing
VSÓ ráðgjafar	Ólafur Hermannsson	Sandra Dís Dagbjartsdóttir	Byggingarstjóri
Alefli	Ólafur Kristinn Magnússon	Magnús Þór Magnússon	Verktaki
Eignasjóður	Illugi Þór Gunnarsson	Óskar Gísli Sveinsson	Verkkaupi
Fjármáladeild	Anna María Axelsdóttir	Pétur Jens Lockton	Fjármögnun

Lagt er til að bærarstjóra Mosfellsbæjar verði falið að skipa hópinn og útfæra nánar samsetningu hans.

*Virðingarfyllst, Óskar Gísli Sveinsson deildarstjóri framkvæmda og Illugi Þór Gunnarsson,
verkefnisstjóri eignasjóðs*